

9. Nám og yfirfærsla náms á daglegt líf

9.c Samstarf aðstoðarfólks og kennara

Í þessum kafla er skoðað hvernig sýn aðstoðarfólks á hlutverk kennara í náminu getur haft áhrif á hvaða hlutverk það tekur sér. Einnig er skoðað hvernig hægt sé að efla beint samstarf aðstoðarfólks og kennara til þess að gera aðstoðarfólki kleift að hjálpa notanda að nýta nám sitt í daglegu lífi.

Í rannsókninni greindist þrenns konar sýn aðstoðarfólks á hlutverk kennarans í námi notanda:

Þegar aðstoðarfólk lítur á **kennarann sem jafningja** á það mun auðveldara með að taka hlutverk milliliðsins og leiðbeina kennaranum, taka við ábendingum frá honum eða grípa inn í fyrir hönd notanda.

Þegar aðstoðarfólk lítur á **kennarann sem fyrirmynd** er það líklegra til að vera meðvitað um hvað það getur sjálft lært í kennslustundinni og hvernig það getur aðstoðað notanda við að nýta sér námið í daglegu lífi. Það fer þó alveg eftir því hvort kennarinn sé meðvitaður um hlutverk sitt sem fyrirmynd að vinnubrögðum og samskiptum við notanda eða ekki.

Þegar aðstoðarfólk lítur á **kennarann sem stjórnanda** er það ólíklegra til að grípa inn í fyrir hönd notanda, að leiðbeina kennarann eða læra af honum. Það leiðir auðveldlega til þess að aðstoðarfólkið taki hlutverk hins hlutlausa fylgdarmanns.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mikilvægt sé að efla viðhorf aðstoðarfólks til kennarans sem jafningja frekar en stjórnanda. Einnig var ályktað að efla þurfi beint samstarf aðstoðarfólks og kennara en oft vantar vettvang eða leiðir fyrir slíkt samstarf utan kennslustunda.

Það er mikilvægt að aðstoðarfólk sé meðvitað um hvernig það lítur á hlutverk kennara í námi notanda og að það taki þátt í að finna leiðir fyrir betra samstarf.

Verkefni: Hver starfsmaður hugsar um reynslu sína sem aðstoðarmanneskju í námi notanda. Farið hring í starfsmannahópnum og reynið hvert og eitt að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvernig lítur þú á kennarann? Sem jafningja, fyrirmynd eða stjórnanda?
- Hvað þarf til þess að þú getir litið á kennarann sem jafningja? Hvað getur kennarinn gert? Hvað getur þú gert?

Reynið síðan í sameiningu að komast að því hvaða leiðir henta ykkur best til að vera í beinu samstarfi við kennara í námi notanda:

- Sjáið þið fyrir ykkur einhvern vettvang fyrir slíkt samstarf? (Fundir eða regluleg samtöl, rafrænn vettvangur s.s. spjallþráður eða rafrænn samstarfshópur...)